

Fundargerð sextánda fundar skráningarráðs Gagnis fimmtudaginn 31. mars 2005

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16.

Fundarmenn: Auður Gestsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir (fundarritari).

Auk þess sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gagnis og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna. Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða boðaði forföll.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. OCLC - þjónustusamningar
3. Tölfræði
4. Greiniskráning tímarita
5. Myndbandaskráning
6. Efnisorð á ritdóma
7. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin var lögð fram og samþykkt.

2. OCLC – þjónustusamningar

Ritstjóri Gagnis lagði fram erindi (fskj. 1) varðandi beiðni um undanþágu frá skilyrðum um skráningarheimild fyrir Jón Tryggva Sveinsson – skráningarheimild 20. Með þeim rökum að um væri að ræða Tilraunaverkefni Landsbókasafns (Lbs-Hbs) og Menntaskólans á Ísafirði (MÍ) sem fæli í sér að færslur væru veiddar úr OCLC, vistaðar í Gagni og skráning löguð að skráningu í Gagni. Framgangur verkefnisins væri eftirfarandi:

1. MÍ – Jón Tryggvi Sveinsson – sækir færslur í OCLC, vistar í Gagni og tengir eintök
2. Lbs-Hbs lagar færslurnar að skráningu í Gagni

Lbs-Hbs þarf eftirfarandi upplýsingar frá MÍ: Færslunúmer í Gagni, blaðsíðutal (ef það vantar í færslu), flokkun og efnisorð.

Jafnframt kom fram að skráningarheimild 20 fyrir Jón Tryggva Sveinsson er forsenda þessa tilraunaverkefnis.

Skráningarráð samþykkti ofangreint erindi einróma.

Í framhaldi af erindinu var rætt almennt um þjónustusamninga. Formaður lagði fram bréf frá *Aleflí. Notendafélagi Gagnis*, dags. 28. febrúar 2005, um „Drög að reglum um fullskráningu færslna í Gagni sem skráðar eru skemmri skráningu.“ (fskj. 2)

Farið var yfir efni bréfsins. Í lið 1 um skemmri skráningu þarf að bæta við að henni fylgi heimild til að sækja færslur í OCLC þannig að 1. liður verði: „Skilyrði fyrir að fá leyfi til skemmri skráningar og til að sækja færslur í OCLC er að viðkomandi safn hafi gert samning við eitthvert safn um að fullskrá efnið.“

Formaður skráningarráðs svarar bréfinu og fer fram á að stjórn Aleflis kanni hve mörg söfn þurfa á þjónustusamningum við önnur söfn að halda, hve margir eru tilbúnir til að taka að sér skráningu fyrir aðra og geri í framhaldinu drög að þjónustusamningi sem söfn sem ekki hafa skráningarheimild geta gert við söfn með skráningarheimild.

Rætt að setja þyrfti mælikvarða fyrir þá sem eru að skrá fyrir aðra þar sem gera þarf meiri kröfur til þeirra sem skrá fyrir önnur söfn, t.d. þyrfti að setja sem skilyrði að slíkur skrásetjari hefði skráningu að aðalstarfi. Einnig var rætt hvaða ferli ætti að fara á undan

því að skráningarheimild sé dregin til baka. Þá var rætt um handleiðslu þeirra sem lokið hafa skráningarnámskeiði hjá Landskerfi.

Að lokum var rætt um skráningarvandamál almennt og gæðastig skráningar. Fram kom að vegna anna við Gegni er eftir að fullmóta gæðakröfur um skráningu og ekki hefur enn gefist tími til að kanna gæðastig skráningar kerfisbundið. Einnig var rætt almennt um fyrirkomulag skráningar og hvort og hvernig hægt væri að koma við miðlægri skráningu.

3. Tölfræði

Rætt um hvaða tölfræðiupplýsingar þarf að draga út úr bókfræðigrunni Gegnis fyrir ársskýrslur bókasafna, hvaða tölfræðilegu upplýsingar væru nauðsynlegar og hvað væri æskilegt að fá upplýsingar um. Sigrún Hauksdóttir lagði fram drög að innanhúss vinnublaði frá Lbs-Hbs til viðmiðunar með þáttum sem til greina kemur að tilgreina fyrir ársskýrslu safnsins. (fskj. 3)

Greina þarf hve margar bókfræðilegar einingar eru skráðar af hverju safni um sig, frumskráningar og hve mörgum færslum hefur verið breytt, ennfremur fjölda eintaka sem hvert safn hefur tengt við kerfið.

Rætt að það þurfi að huga að því við skráningu í kerfið hvaða upplýsingar eigi að draga út úr því.

Fram kom að sameining færslna og fleira mun hafa áhrif á tölfræði ársins 2004 en viðtækar sameiningar færslna voru gerðar í kerfinu á því ári.

Ákveðið að Sigrún byrji að vinna tölfræði ársins 2004 og athugi hvaða þætti ætti að draga út, bæði kerfisleg og bókfræðileg atriði. Rætt að Sigrún kanni einnig hvernig staðið er að tölfræði í öðrum samlögum.

Fram kom að hjá sumum söfnum hefur útlánatalning Gegnis sýnt lækkandi útlán þó útlánin hafi aukist í reynd. Spurning hvort fyrri kerfi hafi talið eins og Gegnir.

4. Greiniskráning tímarita

Auður Gestsdóttir lagði fram skjalið: *Greiniskráning tímarita. Skipting milli safna. Tilögur.* (fskj. 4) þar sem talin eru upp þau tímarit sem Bókasafn KHÍ (38), Bókasafn Háskólans á Akureyri (3), Bókasafn Háskólans í Reykjavík (2), Bókasafn Listaháskóla Íslands (3), Háskólanámssetur FNA (2) og Bókasafn Landspítala (4) hafa tekið að sér að greiniskrá. Auður sendir svo lista yfir þau tímarit sem Lbs-Hbs greiniskráir.

Fyrir liggur að athuga hvort einhver tímarit, sem koma út og ástæða er til að greiniskrá, séu ekki á listunum yfir greiniskráð rit. Ákveðið að fela skylduskilum í Lbs-Hbs að fara yfir það. Fram kom að búið er að gera leiðbeiningar um greiniskráningu tímarita. Kerfisleg vandamál varðandi greiniskráningu rædd en þau þarf að taka fyrir á lyklunarfundi fyrir Gegni.

5. Myndbandaskráning - Geymt til næsta fundar.

6. Efnisorð á ritdóma - Geymt til næsta fundar.

7. Önnur mál

- a) Auður tilkynnti að fundurinn væri sá síðasti sem hún sæti í skráningarráði því hún væri að minnka við sig vinnu. Af tilefninu bauð hún skráningarráði upp á dýrindis kökur. Skráningarráð þakkaði Auði ánægjulegt samstarf og vinnu í þágu ráðsins.
- b) Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 11. apríl, kl. 14 (breytt síðar í 13-15)